



*KKA – Akstursíþróttafélag*  
*Akstursíþróttafélag vélsleða- og véhjólamanna á Akureyri*  
*e mail: [th@ALhf.is](mailto:th@ALhf.is)*  
*Vættagili 24, 603 Akureyri*  
*sími: 892 9806, 460 9800, fax: 460 9801*

## Kynning og saga KKA.

Akureyri 22. janúar 2007

KKA Akstursíþróttafélag var stofnað 1996. Í fyrstu einbeitti félagið sér að snócrossi og vélsleðum. Síðar varð starfssemin mjög öflug á sviði motocross og síðar bættust við RC-deild og reiðhjóladeild. Félagið skiptist núna í fjórar deildir.

KKA er í ÍBA og nú í nýstofnuðu sársambandi innan ÍSÍ, MSÍ. Mótorhjóra & Snjósleðasamband Íslands (MSÍ) var stofnað 24. nóvember s.l. MSÍ er aðili að FIM alþjóðasamtökum motorhjólamanna. Fyrsti formaður MSÍ var kosinn Guðmundur Hannesson sem situr einnig í stjórn KKA.

Stjórn KKA skipa:

[Guðmundur Hannesson](#) Nefndaformaður

[Jóhann Gunnar Arnarson](#) Stjórnarmaður

[Stefán Þór Jónsson](#) Stjórnarmaður og form. mótanefndar

[Vilhelm Þorri Vilhelmsson](#) Vefstjóri & form. ferðanefndar.

[Þorsteinn Hjaltason](#) Formaður

Nefndir félagsins eru margar og eru upplýsingar um hlutverk og skipun þeirra á vef félagsins, <http://www.kka.is/?mod=sidur&mod2=view&id=4&sport=forsida>

## Starfssemi.

### 1. Motocross- og endurodeild:

#### a. Motocross:

Akstur á motocrosshjólum. Þessi hjól eru skráð og tryggð á rauðum skrásetningarnúmerum. Tryggingar eru eins og ökumannstryggingar bifreiða og má aka hjólunum á sömu stöðum og vélsleðum. Þessi tæki eru bæði flokkuð sem torfærutæki og gilda sömu reglur um þau, skrásetningarskyld og tryggingaskyld. KKA hefur komið sér upp æfinga- og keppnissvæði fyrir motocross í Glerárhólum og hefur haldið þar nokkur Íslandsmót og fleiri mót.

#### b. Enduro:

Akstur á endurohjólum. Þessi hjól líta út eins og motocrosshjól nema fyrir það að á þeim er ljósabúnaður. Þessi hjól eru tryggð og eru á hvítum skrásetningarnúmerum, þ.e. um þau gilda sömu reglur og um önnur bifhjól. KKA hefur haldið Íslandsmót í enduroakstri á svæði sínu.

c. Ísakstur:

KKA hefur löggilt svæði frá sýslumanni til að stunda ísakstur á motorhjólum. Svæðið var á Leirutjörn en því var breytt fyrir nokkrum árum síðan og fært inn á land Hvamms í Eyjafirði, skv. samningi við landeiganda.

## 2. Snócrossdeild.

KKA hefur í mörg ár staðið fyrir fjölbreyttri starfssemi á sviði snócross og vélsleða. Haldið fjölmörg mót og ýmsar uppákomur. Núna í vetur sameinaðist mótahald KKA og WPSA (hét áður WSA), sem er amerísk mótarið. Nánast allt mótahald á sviði snócross í landinu er núna á vegum KKA. KKA hafði löggildingu til æfinga og keppni á tveimur svæðum á Akureyri en eftir að félagið fékk úthlutað æfinga- og keppnissvæði í Glerárhólum hefur félagið fært þessa starfssemi þangað upp eftir.

## 3. Reiðhjóladeild.

Innan KKA er stundað reiðhjólamennska. Bikarmót hafa verið haldin í Kjarnaskógi í akstri fjallareiðhjóla. KKA stóð m.a. fyrir lagningu fjallabrunbrautar í Hlíðarfjalli árið 2006. Starfssemi þessi flyst upp á KKA svæðið þegar félagið fær þá stækkun á svæðinu sem fyrirhuguð er í deiliskipulagi fyrir svæðið sem unnið er að núna.

Með stækkun svæðisins getur félagið uppfyllt langþráðan draum um að gera almennilega aðstöðu fyrir félagsmenn sína í reiðhjóladeildinni. Á svæðinu er búið að teikna hugmyndir að brautum, bæði fyrir börn og lengra komna. Ætlunin er að ná inn á svæðið m.a. krökkum sem annars eru að hjóla á hættulegum stöðum í grunnum og drulludíum viðsvegar um bæinn og utan hans. Á litlu svæði verður því sameinaður akstur allra farartækja í umferð, allt frá þeim yngstu á reiðhjólum og upp úr. Á svæði KKA verða reiðhjól og motorhjól og svo bifreiðaakstur á svæði BA. En þar verður m.a. æfingaakstur fyrir bílpróf frá 2008.

## 4. RC deild.

Akstur og flug hvers konar fjarstýrðra tækja. Á svæði KKA hefur verið lögð RC keppnisbraut fyrir bíla. Þar og víðar hefur KKA haldið fjölmörg mót og staðið fyrir ýmsum uppákomum á þessu sviði.

## Unglingar og börn á vélknúnum tækjum:

Börn og unglingar mega aka motorhjólum og snjósleðum á löggiltum svæðum að fenginni undanþágu sýslumans. KKA hefur sótt um undanþágur fyrir ungmenni þegar foreldrar þeirra hafa sótt um slíkt. Sýslumaður hefur þá gefið út leyfi til viðkomandi unglings til aksturs. Þessar leyfi eru gefin út eftir reglugerð nr. 257/2000. Nú vinnur MSÍ að nauðsynlegum breytingum á

Þessari reglugerð í samvinnu við ríkið. Það þarf að breyta lýsingum á ökutækjum og aldursmörkum og fleira.

Í reglugerðinni segir að með leyfi lögreglustjóra sé heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum utan vega.

Undanþága að því er varðar þann sem ekki hefur náð 18 ára aldri er háð skriflegu samþykki foreldra eða annars forsjármanns.

Allur akstur þar sem undanþága frá ákvæðum um ökuskírteini eða lágmarksaldur gildir skal fara fram samkvæmt keppnis- og öryggisreglum viðkomandi samtaka sem leggja skal fyrir lögreglustjóra, og undir eftirliti og samkvæmt leiðbeiningum fulltrúa sem lögreglustjóri samþykkir.

Lágmarksaldur miðað við ökutæki skal vera:

- c. Tvíhjóla torfærutæki með aflvél að slagrými
- |                              |                  |
|------------------------------|------------------|
| allt að 80 rúmsentimetrar    | frá 12 ára aldri |
| allt að 125 rúmsentimetrar   | frá 14 ára aldri |
| 125 rúmsentimetrar eða meira | frá 15 ára aldri |
- d. Torfærutæki á beltum (vélsleðar) með aflvél að slagrými
- |                            |                  |
|----------------------------|------------------|
| allt að 440 rúmsentimetrar | frá 14 ára aldri |
|----------------------------|------------------|

### Uppbygging:

Þann 27. apríl 2004 samþykkti Íþrótt- og tómstundaráð tilmæli til Umhverfisstofnunar um að KKA yrði úthlutað svæði í Glerárhólum undir starfssemi sína. Þann 12. maí 2004 afgreiddi Umhverfisstofnunin erindið og sagði að áður en að formlegri úthlutun gæti orðið yrði að gera deiliskipulag og fól ráðið umhverfiseildinni að deiliskipuleggja svæðið milli Glerár og Hlíðarfjallsveggar. Þegar þessari skipulagsvinnu lýkur verður hægt að úthluta félaginu formlega svæðinu. KKA hefur leyfi bæjaryfirvalda til að starfrækja á svæðinu æfingar og æfingakeppnir frá 12. júlí 2005 og stöðuleyfi fyrir félagsheimilið frá 7.7.2005. Ennfremur hefur KKA ótímabundið leyfi sýslumanns til að starfrækja akstursíþróttasvæði í Glerárhólum á svæði félagsins.

KKA svæðið er norðan Glerár rétt ofan við bæinn Glerá. Svæðið er neðan við svæði Skotfélags Akureyrar. Staðsett í Glerárhólum ofan við Bröttubrekku. Svæðið er vel staðsett í náttúrulegri hljóðmön þannig að lítið hljóð berst af

svæðinu. Svæðið var eitt sinn malarnáma en fyrir mörgum árum var þeirri námu lokað.

KKA bíður eftir því að deiliskipulag verði samþykkt á svæðinu. Bæði fær þá félagið stærra svæði til umráða og endanlega úthlutun og leyfi fyrir félagsheimilinu verður þá gefið út. Þetta skiptir máli fyrir KKA af mörgum hagnýtum ástæðum t.d. er ekkert fasteignanúmer á félagsheimilinu og því erfitt að fá fok og vatnstryggingar, en húsið er brunatryggt.

KKA notar keppnisbrautir bæði til motocrossaksturs og snócrossaksturs á veturna. Mjög dýrt er að búa til og viðhalda þessum brautum. Félagið hefur starfrækt svæðið í 3 sumur og hefur félagið lagt 6 milljónir kr. á hverju sumri til byggingar og viðhalds brautanna, samtals um 18 milljónir króna.

Árið 2005 keypti félagið hús og flutti það upp á svæðið. Búið er að tengja það vatni, niðurföllum og rafmagni. Ennfremur er búið að steypa 150 fermetra pall sunnan og vestan hússins og steypa stoðveggi við jarðveg. Keyptur var frystigámur sem settur var austan og neðan við húsið. Þar er geymsla og aðstaða til að gera við hjól. Þessi aðstaða er gríðarlega mikilvæg fyrir félagið, ekki síst við snócrossæfingar á veturna. Félagið hefur byggt RC keppnisbraut og unglunga og barna motocross æfingabrautir. Á svæðinu er ennfremur Enduroæfingabraut sem nær reyndar niður fyrir svæðið og niður bröttubrekku og til baka aftur upp á KKA svæði.

KKA hefur ennfremur kostað mjög miklu við að undirbúa svæðið undir sáningu. Búið er að eyða miklum tíma og fé við að fylla svæðið af mold á milli brautanna. Umhverfissráðuneytið veitti félaginu styrk til þessa verkefnis kr. 100.000. Þessi styrkur var félaginu mikilvægur. Hann dugði skammt fjárhagslega en var vel þegin viðurkenning fyrir starfið, blés í okkur krafti. Hafði meiri mórölsk áhrif en fjárhagsleg, en það þarf líka og er ekki minna nauðsynlegt en hitt.

KKA á vefinn [www.kka.is](http://www.kka.is) og heldur úti heimasíðu með upplýsingum fyrir félagsmenn sína og fleiri. Vefurinn er vistaður hjá Stefnu. ÍBA samdi við Stefnu um að gera vef fyrir sambandið þar sem sérsamböndin fengu sitt svæði. KKA hefur ekki nýtt sér þetta en naut samt góðs af þessu því Stefna samdi upp á nýtt við KKA um lægra mánaðargjald.

KKA gaf út kennslubók í akstri mótörhjóla og er það eina kennslubókin um efnið sem gefin hefur verið út á íslensku.

#### **Tækjakaup:**

Félagið hefur keypt ýmis smátæki og verkfæri. Mikilvægustu kaupin til þessa er Caterpillar jarðýta (fimma) sem keypt var síðasta haust.

#### **Greiðslustaða:**

Félagið hefur greitt að fullu allar jarðvegsframkvæmdir, (ca. 18.000.000), steypuframkvæmdir (ca. 1.000.000), kaup á húsinu, lagnir, endurbætur og flutning (ca. 6.000.000). Félagið hefur ekki lokið við greiðslur á jarðýtunni sem kostaði kr. 3.500.000. Eignastaða félagsins er því góð og skuldar félagið lítið. Við erum hins vegar komnir að endimörkum þ.e. getum ekki gert neitt frekar í uppbyggingu á svæðinu næstu árin nema fá núna frekari fjárhagshjálp.

#### **Framtíðarframkvæmdir:**

1. Lýsing 3.500.000 2\*20 metrar staurar 10\* 9 m staurar, kaplar, kastarar uppsetning.
2. Snjó – ýta til að ýta snjó og troða og færa snjó frá snjóbyssum. caterpillar fimma 3.500.000 (þ.e. keypt en ekki lokið við að greiða hana)
3. Lagning vatnskerfis til að tengja við snjóbyssur 2.000.000 kr.
4. Vatnsdæla. 900.000.
5. Tímatökubúnaður AMB fyrir snócross lagning hugbúnaður og tæki 1.500.000 kr.
6. Uppbygging palla til að bæta aðstöðu og öryggi brautarvarða 500.000 kr.
7. Breyting og uppbygging snócrossbrautar kr. 3.000.000

Þann 15.07.2004 (sundlaugarsamningarnir) gerði Akureyrarbær samning við félagið um uppbyggingu á svæðinu, þar var um að ræða kr. 500.000 á ári í 3 ár (2007, 2006 og 2005). Síðustu greiðsluna fær KKA sem sé núna í vor.

Þann 30.01.2006 gerði Akureyrarbær rekstrarsamning við KKA þar sem bærinn leggur félaginu til kr. 200.000 á ári.

#### **Framtíðarsýn og markmið KKA:**

Markmið KKA er að koma upp góðri aðstöðu fyrir félagsmenn sína til að stunda sínar íþróttir. Enn vantar töluvert á vegna aðstöðu.

Til að stunda snócross þarf að vera hægt að lýsa svæðið því takmarkaður birtutími er yfir vetur. Það þarf enn fremur að vera hægt að tryggja snjó í brautinni með því að fá lánaðar snjóbyssur. Það hefur margoft þurft að færa mót til Mývatnssveitar og inn á Ólafsfjörð vegna snjóleysis á KKA svæðinu. Gott væri að geta treyst á að hægt sé að halda auglýsta viðburði. Enn fremur vantar góðan tímatökubúnað á svæðið. Það þarf að bæta undirlagið þó mikið hafi verið unnið í þeim málum. Það breytti hins vegar mjög miklu að fá snjóýtuna (jarðýtuna) því núna er hægt að hremma snjóinn, þ.e. þjappann þannig að honum blási ekki burt í fyrstu vindum. Enn fremur er hægt að ýta til sköflum og geyma snjó í miðjunni og ýta honum svo inn á brautina eftir þörfum. Fyrri vetur hefur KKA leigt snjótroðara bæði frá Skíðastöðum og frá einkaaðila. Það var ansi dýrt og erfitt að koma því við.

Vel hefur gengið hjá KKA að fá félagasína til að skrá og tryggja sín tæki. Áhrifa KKA hefur gætt um allt land því öllum er neitað um að keppa eða keyra á svæðum félagsins nema þeir séu á tryggðum og skráðum ökutækjum. Keppendum er að öðrum kosti vísað frá. Þar sem KKA heldur Íslandsmót verða menn að hafa þetta í lagi. Þetta olli nokkrum deilum en allir eru búnir að átta sig á stöðu mála núna og engum dettur í hug lengur að koma á óskráðu og ótryggðu ökutæki.

KKA hefur líka orðið mikið ágengt að bæta samskipti útivistarfólks t.d. hestamanna og þeirra sem vilja aka mótorhjól. Félagsmenn sýna tillitssemi við landið og þá sem um það fara. Ennfremur hefur æfingasvæðið orðið til þess að mjög hefur dregið úr ferðum mótorhjólamanna annars staðar.

Félagar eru núna um 230 talsins. Markmiðið er að miklu fleiri gangi í félagið en skráð mótorhjól eru mörg þúsund talsins á landinu. Nýskráningum motocrosshjóla og endurohjóla hefur fjölgað ár frá ári síðustu 4-5 árin og það jafnvel svo mikið að sumir tala um sprengingu. Keppendur á mótum félagsins hafa verið um 100 talsins. Við reiknum með um 5-10 manns á hvern keppanda þannig að um er að ræða um 500-1000 manns sem koma til bæjarins á hverju móti utan við áhorfendur. Áhorfendur hafa verið um 1000 talsins á Íslandsmeistaramótum KKA en færri hafa komið á enduromótin og torfærukeppnir. Við höfum ekki selt inn á reiðhjólamót og mót í RC akstri þannig að ekki er vitað um áhorfendafjölda þar.

Virðingarfyllst,  
f.h. KKA

Þorsteinn Hjaltason, formaður